

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 157/1999

frá 26. nóvember 1999

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 143/1999 frá 5. nóvember 1999⁽¹⁾.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/14/EB frá 16. mars 1999 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 77/538/EBE varðandi þokuljós að aftan á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/15/EB frá 16. mars 1999 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 76/759/EBE varðandi stefnuljósabúnað vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/16/EB frá 16. mars 1999 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 77/540/EBE varðandi stöðuljós á vélknúnum ökutækjum⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/17/EB frá 18. mars 1999 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 76/761/EBE varðandi aðalljós vélknúinna ökutækja sem virka sem háljós og/eða lágljós og varðandi glóðarþráðarperu fyrir slík aðalljós⁽⁵⁾ skal felld inn í samninginn.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/18/EB frá 18. mars 1999 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 76/762/EBE varðandi þokuljóssker að framan á

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 15, 18.1.2001, bls. 36 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 3, 18.1.2001, bls. 55.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 97, 12.4.1999, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 97, 12.4.1999, bls. 14.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 97, 12.4.1999, bls. 33.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 97, 12.4.1999, bls. 45.

vélknúnum ökutækjum og glóðarþráðarperur fyrir slík ljósker⁽⁶⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 29. lið (tilskipun ráðsins 77/538/EBE) í I. kafla II. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við:

„- **399 L 0014:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/14/EB frá 16. mars 1999 (Stjtið. EB L 97, 12.4.1999, bls. 1).“

2. Eftirfarandi komi í stað aðlögunartextans:

„Eftirfarandi bætist við lið 4.2.1 í I. viðauka:

„IS fyrir Ísland

FL fyrir Liechtenstein

16 fyrir Noreg“.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 24. lið (tilskipun ráðsins 76/759/EBE) í I. kafla II. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við:

„- **399 L 0015:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/15/EB frá 16. mars 1999 (Stjtið. EB L 97, 12.4.1999, bls. 14).“

2. Eftirfarandi komi í stað aðlögunartextans:

„Eftirfarandi bætist við lið 4.2.1 í I. viðauka:

„IS fyrir Ísland

FL fyrir Liechtenstein

16 fyrir Noreg“.

(6) Stjtið. EB L 97, 12.4.1999, bls. 82.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 31. lið (tilskipun ráðsins 77/540/EBE) í I. kafla II. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við:

„- **399 L 0016:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/16/EB frá 16. mars 1999 (Stjtið. EB L 97, 12.4.1999, bls. 33).“

2. Eftirfarandi komi í stað aðlögunartextans:

„Eftirfarandi bætist við lið 4.2.1 í I. viðauka:

„IS fyrir Ísland

FL fyrir Liechtenstein

16 fyrir Noreg“.“

4. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 26. lið (tilskipun ráðsins 76/761/EBE) í I. kafla II. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við:

„- **399 L 0017:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/17/EB frá 18. mars 1999 (Stjtið. EB L 97, 12.4.1999, bls. 45).“

2. Eftirfarandi komi í stað aðlögunartextans:

„Eftirfarandi bætist við liðum 5.2.1 og 6.2.1 í I. viðauka:

„IS fyrir Ísland

FL fyrir Liechtenstein

16 fyrir Noreg“.“

5. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 27. lið (tilskipun ráðsins 76/762/EBE) í I. kafla II. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við:

„- **399 L 0018:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/18/EB frá 18. mars 1999 (Stjtið. EB L 97, 12.4.1999, bls. 82).“

2. Eftirfarandi komi í stað aðlögunartextans:

„Eftirfarandi bætist við lið 4.2.1 í I. viðauka:

„IS fyrir Ísland

FL fyrir Liechtenstein

16 fyrir Noreg“.

6. gr.

Fullgiltur texti tilskipana framkvæmdastjórnarinnar 1999/14/EB, 1999/15/EB, 1999/16/EB, 1999/17/EB og 1999/18/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

7. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. nóvember 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

8. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 26. nóvember 1999.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

N. v. Liechtenstein

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

G. Vik

E. Gerner